



Fjölmiðlar

Fjölmiðlar eru margir en helstu tegundir miðla eru sjónvarp, útvarp, blaðaútgáfa (dagblöð, tímarit, héraðsfréttir, fréttabréf), vefmiðlar og samskiptavefir. Allir þessir miðlar hafa mismunandi form á birtingu fréttar og hvenær þeim finnst best að fá inn upplýsingar. Fyrir þessa miðla skiptir miklu máli hvaða dag vikunnar fréttar-tilkynning er send og hvenær dags hún er send út.

Fyrir frjáls félagasamtök líkt og sérsambönd, héraðssambönd, íþróttabandalög og íþróttafélög þá skiptir miklu að koma boðskapnum á framfæri á ódýran og hagkvæman hátt.

Til þess að birtast reglulega í fjölmiðlum þarf útsjónarsemi og hugmyndaflug. Hér koma nokkrir punktar til umhugsunar áður en frétt er skrifuð:

- Kynnið ykkur hvað blöðin hafa upp á að bjóða annað en íþróttasíður, t.d. heilsa, lífið, fólk í fréttum, umræðan, innlent, viðskipti, sveitarfélög, sérblöð dagblaðanna o.fl.
- Kannið hvernig greinar er verið að birta, hvernig þær eru uppsettar og hvaða sjónarhorn fréttirnar hafa.
- Athugið að það getur borgað sig að semja mismunandi fréttir eftir því hvar í blaðinu fréttin á að birtast. Nota hugmyndaflugið og reyna að vera frumleg.
- Hafið samband við blaðamenn og spyrjist fyrir hvernig sé best að setja upp fréttirnar og fáði þá jafnvel til að aðstoða með að finna ný sjónarhorn á fréttina. Það sakar ekki að spyrja.
- Ef það gengur illa að fá birtar fréttir, hafið samband við íþróttasambönd sem eru dugleg við að fá fréttir birtar og spyrjist fyrir hvernig þau bera sig að.
- Sýndið fjölmiðlum ræktarsemi. Gerið þeim auðvelt og eðlilegt að hafa samband við þig.
- Útvegið ykkur persónuleg sambönd á ritstjórnarskrifstofunni. Reyndið að komast að raun um hvort einhver fréttamanna hefur sérstakan áhuga eða þekkingu á þínu sérsviði.
- Leggið áherslu á vandaðar upplýsingar.
- Segið sannleikann, verið heiðarleg og málefnaleg. Skapið traust og trúnað. Það ber árangur.

